



**Nýársávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. janúar 2019**

Kæru landsmenn.
Góðan dag og gleðilegt ár!

Nýtt ár er hafið, með öllum sínum áskorunum og tækifærum. Vonandi geta sem flestir horft bjartsýnir fram á veg. Gott er að eiga vonarland, eins og segir í lagi Bjartmars Guðlaugssonar, og gamla mynd sem sýnir glaðar stundir. En um leið er nauðsynlegt að fela ekki það sem aflaga fór, gangast við sektarkennd sem ennþá nær að særa, kannast við að stundum nær ástin ekki að blómstra. Hugsum til þeirra sem mættu mótbyr á árinu, þeirra sem búa við sorg og missi, þeirra sem þurfa stuðning okkar og samkennd.

Lítum líka um stund til liðinnar tíðar. Á því ári, sem nú er nýlokið, minntumst við þess að ein öld var frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Margt hefur breyst í landinu frá þeim tímamótum. Í megindráttum er samfélagið miklu lífvænlegra, frá vöggu til grafar. Fyrir hundrað árum var fæðing einatt hættuspil og allsendis óvíst hvort hvítvoðungar kæmust á legg. Nú þekkist ungbarnadauði vart, er hvergi í heiminum minni en á Íslandi. Meðalævi hefur lengst til muna, óvída nær fólk eins háum aldri og hér. Okkur heilsast flestum betur, lækningar og lyf fundin úti í heimi við veikindum sem hefðu áður lagt sjúka í rúmið til langframa eða orðið þeim að aldurtila.

Við þurfum að verja og efla allar okkar umbætur á sviði heilbrigðis og velferðar. Auk þess megum við virða að verðleikum aðrar breytingar til betri vegar. Nú eiga mun fleiri þess kost að mennta sig og ferðast, vinna við og sinna því sem hugurinn gírnist, elska, trúa og tjá sig um hvaðeina, ráða eigin lífi í samfélagi frelsis og jafnréttis, fjölbreytni og mildi.

Í gleði yfir þessu og öðru á framfarabraut skulum við samt ekki gleyma hinu sem miður fór. Fátæktar og misréttis gætti hér lengi og gætir enn; goðsagnir um annað þarf að varast.

Í framfarasögunni voru sumir afskiptir. Fatlaðir og þroskahamlaðir voru að mestu utangarðs, þeir sem helst þurftu aukið atlæti. Í fyrra urðu þau ánægjulegu tíðindi að lög um notendastýrða persónulega aðstoð gengu í gildi og ný lög voru sett um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þessar réttarbætur auka frelsi fólks og stuðla að sjálfsagðri sæmd.

Munum líka að lengi vel var þroskahömluðum og fólki með geðrænar raskanir komið fyrir á ýmiskonar vistheimilum. Starfslið reyndi margt að gera sitt besta við þröngan kost. Eftir stendur þó í sameiginlegri sögu okkar að harðneskja ríkti of oft, sums staðar jafnvel ofbeldi af verstu gerð. Fagnaðarefni er að fórnarlömb þeirrar rangsleitni hafa hlotið sanngirnissbætur þótt áfram megi huga að stöðu þeirra sem brotið var á.

Eins skulum við gleðjast yfir því að á nýliðnu ári var röngum dómum hnekk í einu umtalaðasta sakamáli síðustu áratuga. „Það er sól úti,“ var sagt í réttarsal þegar hillti undir þann réttlætissigur, „látum sól vera í hjarta okkar.“

Já, fögnum því sem fagna ber en áfram er svo margt sem gera þarf. Ég nefni hér ungdóm landsins. Við erum að missa ungt fólk. Í þessu landi velmegunar eru sjálfsvíg helsta dánarorsök ungra karlmannna. Í þessu landi frelsis og framfara verða of mörg ungmenni háð fíkniefnum og ávanalyfjum.

Við megum ekki bara leyfa þeim að falla, æskufólki sem á skilið aðstoð og von. Í Aðventu Gunnars Gunnarssonar, sem kom út á fyrri hluta síðustu aldar, segir frá Fjalla-Bensa sem lagði á öræfin um hávetur í leit að fé, „í þessari ísveröld miðri“. Fá ritverk þykja lýsa eins vel gildi samúðar, samviskusemi og ósérplægni. „Þar voru ... þessar eftirlegukindur, sem hann var á hnotskóg eftir,“ segir í sögunni: „kindur, sem mönnum hafði sést yfir í öllum þremur haustgöngunum. Þær skyldu ógjarnan krókna eða falla úr hungri á fjöllum uppi, af þeirri ástæðu einni, að enginn nennti eða þyrði að leita þær uppi og koma þeim til byggða. Þær voru líka lifandi verur.“

Við eigum sem betur fer fólk sem leitar að fólki – við eigum ástvini, sérfræðinga og marga aðra sem vilja hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi. Og við þurfum að fræða, ekki hræða. Svo mælti Bára Tómasdóttir, móðir Einars Darra Óskarssonar sem lést eftir ofneyslu róandi lyfja síðastliðið vor, átján ára gamall, einn hinna mörgu sem við höfum misst fyrir aldur fram, í okkar eigin ísveröld.

Góðir landsmenn: Í Aðventu skáldsins er fleira lofað en fórnfýsi: hógværð og hófsemi, jafnaðargeð og látleysi. Höfum við misst sjónar á þessum gildum, í ys og þys okkar daga? Kulnun og kvíði, streita og stress: Líf of margra laskast vegna þessara meinsemda. Áfallið er auðvitað verst fyrir þann sem fyrir því verður og nánustu ættmenni en þessi vanheilsa snertir okkur öll. Fólk veigrar sér við að sækja mannfagnaði og hverfur af vinnumarkaði, þarfnast sjúkrasjóða og

örorkubóta sem kosta samfélagið gríðarlegar fjárhæðir, eins og leiðtogar stéttarfélaganna hafa rakið síðustu misseri.

Hvað er til ráða? Brýnt er að bregðast við. „Allir geta örmagnast,“ segir Eygló Guðmundsdóttir, doktor í lýðheilsuvísindum, og engin skömm er í því að viðurkenna vandann. Það þykir ekki lengur æðst allra dyggða á Íslandi að vinna myrkranna á milli og „skaffa vel“. „Við þurfum að hvílast,“ segir Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir: „Það þarf hugarfarsbreytingu um forgangsröðun og gildi í lífinu.“

Hömpum þó jafnframt kostum sem hafa reynst okkur vel í rúm þúsund ár, elju og þreki, kappi og dug. Andstreymi, vandræði og áhyggjur munu ætíð mæta fólki á lífsins leið. „Ef við vissum ekki hvað sorg væri þá vissum við ekki hvað gleði er.“ Þetta var haft eftir Salbjörgu Bjarnadóttur geðhjúkrunarfræðingi á nýliðnu ári í merkjum greinarflokki Guðrúnar Hálfðánardóttur blaðamanns um geðheilbrigði Íslendinga.

Tökum einnig eftir heilræði Salbjargar til foreldra, forráðamanna og annarra: „Kenna börnum jákvæðni, samheldni og seiglu og umfram allt að vera til staðar ... Leggja símanum og snjalltækjunum þegar komið er saman við matarborðið og tala saman. Tíminn sem við eigum saman skiptir svo miklu máli og ekki gleyma því að hann kemur aldrei til baka.“

Það er meinið, þarna getur tíminn líka týnst. Vanlíðan fólks er iðulega rakin til samfélagsmiðla að einhverju leyti, fullsannað talið að sjálfsmynd margra ungmenna mótist af viðmóti annarra á *Instagram* og *Snapchat*, að sífelldur samanburður valdi minnimáttarkennd. Frábært er að ungir sem aldnir geti skipst á skoðunum, eflt vinskapi og fylgst hver með öðrum. Í rafrænum heimi birtist hins vegar gjarnan glansmynd. Þar segjast svo margir vera svo hressir og glaðir, svo vinsælir og duglegir. En lífið er flóknara en falleg færsla, og fátt er eins fallvalt og læk á Fésbók.

Netið og miðlar þess skipa æ ríkari sess í samfélagi okkar: Fólk hefur svo miklu meira frelsi til að tjá sig en áður fyrr, fleiri leiðir til að láta rödd sína heyrast. Það er vel. Á hinn bóginn eru þessir kostir því miður ekki alltaf nýttir til góðs. Í nýársávarpi fyrir fimm árum benti forveri minn í embætti á að hin nýja tækni gæti opnað „flóðgáttir neikvæðni, illmælgis og jafnvel haturs“. Þau orð Ólafs Ragnars eiga enn við og einnig er við hæfi að rifja upp ummæli annars manns sem bjó um skeið hér á Álftanesi, að vísu fyrir um þremur öldum.

„En sá sem reiður er, hann er vitlaus,“ þrumaði Jón biskup Vídalín, í frægri stólræðu sem orðið „reiðilestur“ er dregið af: „Heiftin ... afmyndar alla mannsins limi og liði, hún kveikir bál í augunum, hún hleypir blóði í nasirnar, bólgu í kinnarnar, æði og stjórnsleysi í tunguna ... Hún skekur og hristir allan líkamann,

svo sem þegar hafið er upp blásið af stórviðri. Og í einu orði að segja: Hún gjörir manninn að ófreskju.“

Þannig messaði meistari Jón þegar hann steig í stólinn sunnudag milli nýársdags og þrettándans. Vissulega er það svo að reiði getur verið réttmæt. Meira að segja má vera að hún efli fólk til dáða en hamslaus heift skilar engu, og fúkyrði því síður. Og hér gilda sömuleiðis þau ritningarorð að sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrsta steininum. Eitt sinn mun Páll Vídalín hafa gengið út í miðri predikun frænda síns, muldrandi: „Skárri er það nú ræðan! Mikill dómadags kjaftur er á honum Jóni.“

En aftur að vanda okkar daga: Var þá ekki margt betra áður fyrr, þegar vel er að gáð? Eru sumar okkar svokölluðu framfara kannski til ills frekar en góðs? Í þessu máli mínu hef ég víða komið við. Þó er ógetið áskorana sem vekja með réttu ugg í brjósti fjölda fólks um allan heim; umhverfisspjalla og loftslagsbreytinga, örbirgðar og ófriðar sem neyðir bágstadda til að leggja á flóttu í stríðum straumum, hryðjuverkaógnar og aukins fylgis við öfgahreyfingar, vaxandi spennu í samskiptum ríkja, misskiptingar heimsins gæða og þannig mætti áfram telja.

Já, það virðist einsýnt að útlitið sé dökkt, blikur á lofti. Eða hvað? Gleymum því ekki sem áður var rakið um stórbætt líf skjör hér á landi – þótt enn megi gera betur. Þrátt fyrir allt má líka staðhæfa að mannkyni í heild farnist nú betur en nokkru sinni fyrr – þótt svo sannarlega geti brugðið til beggja vona og einfaldar lausnir dugi skammt í flóknum veruleika. En framtíðin er í okkar höndum – farsæl ef við hrekjumst ekki af braut manngæsku og hyggjuvits, vísinda og rökhyggju.

Það er stórt *ef* en látum samt ekki hugfallast. Vonandi getum við einmitt sameinast um þá lífssýn að betra sé að horfa björtum augum fram á veg en fyllast bölmóði og drunga. „Bölmóður leiðir af sér doða,“ sagði Vigdís Finnbogadóttir í einu sinna nýársávarpa, „doði fæðir af sér framtaksleysi.“

Við verðum jafnframt að vera einhuga þegar vá ber að höndum; þjóð sem mistekst það stendur ekki undir nafni. Að undanfögnu hefur órói ríkt við eldstöðvar sem lengi hafa legið í dvala. Þær geta valdið óskunda og fari svo mun reyna á okkur. Í þeim efnum óttast ég ekkert. Fólk í þessu landi hefur áður sýnt hvað í því býr og við eigum björgunarsveitir, liðsmenn landhelgis- og löggæslu auk margra annarra sem njóta trausts og eru þess verðir.

Á örlagastundum eigum við Íslendingar eina sál. En þar fyrir utan höldum við áfram að þrefa og þrátta. Umbætur í þjóðfélaginu verða aldrei af sjálfu sér. Fyrir þeim þarf að vinna, afla fylgis, sækja fram, sannfæra fjöldann og ráðandi öfl um að breytinga sé þörf. Í sterku lýðræðissamfélagi á fólk stöðugt að sinna þeirri iðju en viðurkennum þá og sættum okkur við að deilt verður um leiðir. Sá

ágreiningur á ekki að vera áhyggjuefni, heldur þvert á móti, svo lengi sem tekist er á með rökum og rétti, málstaður sóttur og varinn af festu en sanngirni sýnd um leið, virðing og háttvísi.

Í fyrra minntist þjóðin einnar aldar fullveldis, eins og áður var getið. Merk tímamót urðu líka í ævi sumra okkar. Sjálfur fagnaði ég fimmtugsafmæli. Þá þakkar maður að eiga ljúfa fjölskyldu, heilsu og hamingju. Auk þess nýt ég efnislegra gæða. Þeir sem það gera freistast stundum til þess að segja öðrum að þau skipti nú ekki sköpum í lífinu. Þannig oflæti og skilningsleysi er ósanngjarnt. Hinu vil ég þó bæta við að á mínum æskustöðvum sást ríkidæmi víða. Barnshugurinn greindi samt stundum að hamingja er ekki endilega mæld í fermetrum. Síðar hefur mér sýnst sem orð nóbelsskáldsins séu sígild: „því hvað er auður og afl og hús / ef eingin jurt vex í þinni krús.“

Kæru landsmenn: Seint vil ég segja öðrum hvernig þeim beri að haga sínu lífi. Við upphaf nýs árs, þegar við setjum okkur gjarnan markmið og leitumst við að bæta okkur, legg ég engu að síður til að við hugum að því sem hér hefur verið rakið um kulnun og streitu, skæðar ógnir um okkar daga. Við erum öll mannleg, reynum að hlúa að því sem mestu skiptir, heill fólks og vellíðan.

Fyrir hönd okkar Elizú óska ég ykkur öllum farsældar, gæfu og gengis. Gleðilegt nýtt ár.